

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

#### *Deiliskipulag fyrir Laxabraut 21-25.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 15. desember 2020, deiliskipulag fyrir fiskeldisstöð Landeldis ehf. við Laxabraut 21-25 í Þorlákshöfn. Reist verða mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fódursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennislagna, ásamt lagningu gatna, plana og bílastæða. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar. Frárennslí verður síað og hreinsað áður en það verður leitt til sjávar. Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag fyrir Nesbraut 23-27.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 30. nóvember 2020, deiliskipulag fyrir fiskeldisstöð Íspórs ehf. við Nesbraut 23-27 í Þorlákshöfn. Mannvirki verða í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fódursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennislagna. Einnig verða lagðar götur, plön og bílastæði. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar. Frárennslí verður síað og hreinsað áður en það verður leitt til sjávar. Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 28. desember 2020.*

**Gunnlaugur Jónasson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2021